

Subject: Re: Erindi til rannsóknarnefndar Kaþólsku Kirkjunnar
From: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <rambam@mailme.dk>
Date: 03-11-2012 07:07
To: Rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar <rannsoknkk@gmail.com>
CC: roberts@hi.is

Sæl Hjördís,

Ég þarf að fá skýrsluna og það strax. Ég brást við þegar rannsóknarnefndin leitaði opinberlega eftir upplýsingum þó ég sé ekki kaþólikki og málið sé mér kannski ekki skylt. Ég gekk út frá því að nefndin notaði upplýsingar sem ég veitti henni og sem ég hafði ritað um á bloggi mínu, m.a. myndir frá dvöl minni í Riftúni þegar ég var barn. Þar varð ég fyrir barðinu á mikilli illsku Margétar Müller, en ég upplifði ekkert í háttum séra Georges sem mér þykir benda til *pedastrianisma* eða *pedófílu*, nú þegar ég lít í bakspegilinn. Engin börn báru heift í garð hans. Börn leituðu til hans í vandamálum sínum, því enginn þorði að tala við Margréti. Vandamálið í Riftúni var Margrét Müller. Ég á enn bréfaviðskipti mín við móður mína frá þessum árum. Í þeim sést hve illa mér leið í Riftúni. Ég hef greint frá þeim en nefndin hefur greinilega ekki óskað eftir slíkum fyrstu handar og áþreifanlegum heimildum.

Nú sé ég og heyri í fréttatímum á ríkisfjölmiðlinum á Íslandi, að talað er um nauðganir, án þess að nefnd séu dæmi dæmi, og leikur mér því áhugi á að sjá, hvort það sé stutt lagalegum rökum og sönnunum í skýrslu nefndarinnar, eða hvort meint fórnarlömb hafi fengið hlutverk dómaraþinga með hjálp sérfræðinga, sálfræðinga og annarra slíkra, sem eiga að leysa úr geðflækjum manna og sálrænum vandamálum en ekki að veita lagalega túlkun eða dæma menn fyrir brot.

Á fréttablutningi sýnist mér að mest áhersla hafi verið lögð á skjalamál kaþólsku kirkjunnar, sem og á biskupinn Jóhannes Gijsen, sem sjálfur hefur legið undir ásökunum um kynferðisafbrot. Hann er orðið vitni um séra George. Getur það talist eðlilegt? Jú, rannsóknarnefnd um kynferðisafbrot kaþólsku kirkjunnar í Hollandi komst að þeirri niðurstöðu, að meint afbrot Gijsens biskups er hann vann við kaþólskan prestaskóla í Rolduc hefði tæknilega ekki verið kynferðisglæpir. Gijsen er sagður hafa legið á gægjum og notið þess er skólapiltar fróuðu sér er hann var svefnsalsvörður í Rolduc. Við þekkjum mannlegt eðli, sem biskupar geta líka haft, og þekkt er það fyrirbæri að þvo hendur sínar og þurrka með því að dæma samferðamenn sína fyrir sama glæp eða verri en maður sjálfur hefur framið. Þótt "glæpur" Gijsens sé vissulega ekki sannaður á hann, hefur Gijsen biskup hefur sannarlega gert sig sekan um rætið gyðingahatur á 9. áratug síðustu aldar. Gijsen sem hefur gerst sig sekan um eina verstu hópæsinguna sem til er, er kannski ekki áreiðanlegasta vitnið um misferli annarra. Hér langar mig að benda á þátt í þáttaröðinni *Andere Tijden* í Hollandi sem einvörðungu fjallar um hinn umdeilda Johannes Gijsen, og mæli með því að nefndin kynni sér innihaldið og t.d. það sem John Jansen segir þegar 14,23 mínútur eru liðnar af þættinum. (Sjá: <http://www.geschiedenis24.nl/andere-tijden/afleveringen/2007-2008/Bisschop-Gijsen.html> : Aðrar kynningar á Gijsen biskupi er að finna á YouTube, m.a. þessi : <http://www.youtube.com/watch?v=UX4Mjpf0P1k>)

Á Íslandi neitaði margt fólk fyrir tveimur áratugum að trúa því að eistneskur maður sem fluttist til Íslands hefði verið stríðsglæpamaður, og jafnvel ekki eftir að sérfræðingaskýrsla kom út í Eistlandi þar sem sekt mannsins var haldið fram með rökum og sönnunum. En á Íslandi er

greinilega búið að gera nauðgara úr séra George, og vitanlega langar mig að vita hvaða lagastuðningur er fyrir slíkri niðurstöðu, eða eru orð Jóhannes Gijssens, fyrrv. biskups um séra George tekin sem heilagur sannleikur?

Vonandi telur nefndin það brýnt að senda mér skýrsluna strax.

virðingarfyllst,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Danmörku

Den 02-11-2012 20:42, Rannsóknarnefnd káþólsku kirkjunnar skrev:

Sæll

Það var um það rætt að skýrslan yrði birt á heimasíðu káþólsku kirkjunnar á sama tíma og blaðamannafundurinn yrði haldinn. Það hefur einhver töf orðið hjá þeim, að mér skilst vegna tæknilegra erfiðleika. Komi skýrslan ekki þar upp innan tíðar skal ég reyna að útvega þér annað hvort pdf. eintak eða láta senda þér prentað eintak.

Kveðja
Hjördís

----- Original Message -----

From: [Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson](#)
To: [Rannsóknarnefnd káþólsku kirkjunnar](#)
Cc: roberts@hi.is
Sent: Friday, November 02, 2012 6:32 PM
Subject: Re: Erindi til rannsóknarnefndar Káþólsku Kirkjunnar

Sæl Hjördís Hákonardóttir,

Mér þætti vænt um að fá skýrslu Rannsóknarnefndarinnar í hendur í ljósi þeirra bréfasambanda sem ég átti við hana og þeirra upplýsinga sem ég veitti henni.

Virðingarfyllst,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Jelsbuen 1
2620 Albertslund
Danmörku

Den 06-01-2012 21:22, Rannsóknarnefnd káþólsku kirkjunnar skrev:

Ljómandi.
Kveðja
Hjördís

----- Original Message -----

From: [Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson](#)
To: [Rannsóknarnefnd káþólsku kirkjunnar](#)
Sent: Friday, January 06, 2012 5:18 PM
Subject: Re: Erindi til rannsóknarnefndar Káþólsku Kirkjunnar

Þá hef ég ekki áhyggjur af því, en ég læt vita ef vera skyldi að ég væri á leið til landsins.

kveðja,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Den 06-01-2012 12:54, Rannsóknarnefnd kapólsku kirkjunnar skrev:

Sæll Vilhjálmur Örn

Þakka þér fyrir að hafa samband.

Við munum líta til þinnar frásagnar og athugasemda þó að þú hafir ekki tök á að koma á fund okkar.

Kveðja

Hjördís Hákonardóttir

----- Original Message -----

From: [Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson](#)

To: [Rannsóknarnefnd kapólsku kirkjunnar](#)

Sent: Thursday, January 05, 2012 12:01 PM

Subject: Re: Erindi til rannsóknarnefndar Kapólsku Kirkjunnar

Sæl Hjördís,

Gleðilegt ár. Ég svara nú, þar sem þú ert líklegast fyrst kominn til Íslands í dag eða á morgun.

Því miður á ég ekkert fyrirsjáanlegt erindi til Íslands á næstunni, ég fékk ekki stöðu sem ég sótti um heima, og á því erfitt um vik að segja nefndinni mína sögu undir fjögur augu, þó svo að ég vilji gjarnan tala við ykkur.

Mín minning er auðvitað ekki um eins alvarlega hluti og þá sem aðrir munu ugglaust segja ykkur í nefndinni frá, en ég upplifði þó það fólk sem nú er ásakað um alvarlega glæpi, án þess að verða var við óeðlilegt hátterni, annað en skapferli Margrétar Müllers, hve ströng hún var og hvernig hún lagði ákveðin börn í einelti.

Bestu kveðjur,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Den 01-01-2012 14:20, Rannsóknarnefnd kapólsku kirkjunnar skrev:

Sæll Vilhjálmur Örn

Þakka þér fyrir bréfið frá 19. desember sl. Ástæðan fyrir því að ég hef ekki svarað þér fyrr er sú að ég er erlendis og hef ekki verið í tölvupóstssambandi. Ég flýg til Íslands 5. janúar.

Við munum skoða ábendingar þínar og gott væri ef þú gætir komið á fund okkar. Ég sé að þú ert ekki búsettur á Íslandi, en ef þú kemur til

Íslands væri vel þegið að þú hefðir samband við okkur með einhverjum fyrirvara. Ég mun skoða linkana síðar en þakka þér sérstaklega fyrir þann á hollenska nefndarálitnið því ég ætlaði að fara að leita að honum. Óska þér góðs árs.

Kveðja

Hjördís Hákonardóttir

formaður rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi

2011/12/19 Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

Til virðulegrar rannsóknarnefndar Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Mig langar til að upplýsa nefndina um skrif mín um sumardvalaheimilið Riftún, sem komst í fréttirnar í júní á sl. ári vegna ásakana á hendur starfsmanna þar og í Landakotsskóla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Ég dvaldi á þessu heimili sem barn í tvö sumur um nokkurra vikna skeið í senn. Ég var sömuleiðis á 6. aldursári hjá nunnunum í Stykkishólmi. Ekki er ég kaþólskur, en það kom til að ég fór þarna, að faðir minn var fæddur í Hollandi og þekkti því flesta Hollendingana sem unnu hjá Kaþólsku kirkjunni á Íslandi. Faðir minn, sem var heildsali, seldi stundum minjagripi gerða í Hollandi til systrana í klaustrinu í Hafnafirði, sem höfðu litla verslun. Við fengum hins vegar oft heimaslátraða alifugla hjá séra Hendrikusi, munki sem var með alifuglarækt á Jófríðarstöðum (sjá hér <http://postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/596029/>).

Ég skrifaði, svo mér sé kunnugt um, fyrstur manna opinberlega um Margréti Müller, og hvernig hún lagði ákveðin börn í einelti í Riftúni. Sjá hér <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/889641/> (skrifað 4.6. 2009). Hún var kona með mjög misjafnlegt lundarfar og var að mínu mati, þegar ég lít til baka, alls endis óhæf til að vinna með börn. Hún var án skopskyns, duttlungafull, hefnigjörn, hafði í hótunum og lagði börn í einelti. Ég sá hins vegar aldrei neitt til kynferðislegrar hegðunar hennar, og hefði líklega ekki haft vit á því á þeim árum. Ég man þó, að okkur drengjunum í Riftúni þótti afar "ógeðslegt" að sjá og heyra að hún væri með megrunartæki (einhvers konar hristibelti) á herbergi sínu við hliðina á altarinu í Riftúni. Gekk sú saga, að hún hefði neytt dreng einn til að sitja inni hjá sér þegar hún notaði það apparat. Það sem mér er minnstæðast um þessa konu var, að hún talaði með miklum innileika um að bróðir sinn hefði heilsað Hitler með handabandi. Líklega hefur þessi kona verið hrjáð andlega af þeim ósköpum sem riðu yfir og heltóku meirihluta þjóðar hennar á 20. öld.

Aldrei varð ég hins vegar við neitt í háttum eða fari séra Georgs, eða Gogga eins og við krakkarnir kölluðum hann, þegar enginn heyrði til.

Ég minnst séra Georgs sem vinalegs og hægláts manns, sem þegar hann mátti vera að lék sér með okkur strákunum í fótbolta. Þegar ásakanirnar á hendur honum komu sl. sumar, þótti mér ærin ástæða til minnst þess sem ég upplifði í Riftúni. Það gerði ég á bloggi mínu. Eins fór ég í saumana á ásökunum þeim sem ítarlegast voru útlistaðar í fjölmiðlum. Ég fann marga mjög alvarlega annmarka á frásögnunum. Hér hægt að lesa um það og skoðanir mína á málinu:

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1174389/>

(skrifað 17.6.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1174980/>

(skrifað 20.6.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1175282/>

(skrifað 22.6.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1175499/>

(skrifað 23.6.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1176337/>

(skrifað 29.6.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1176705/>

(skrifað 29.6. 2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1176962/>

(skrifað 1.7.2011)

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1177576/>

(skrifað 4.7.2011)

Sem sumardvalarborn í Riftúni heyrði ég hvorki né sá kynferðislega afbrigðilega hegðun meðal starfsmannanna, nema ef vera skyldi sagan af drengnum á herbergi Margrétar Müller. Persónulega, finnst mér sem sérfræðingi sem langmenntaður er í heimildarýni, að margt í frásögn meintra fórnarlamba séra Georgs sé út í hött. Dr. Wolfgang Edelstein í Berlín greindi mér nýlega frá því að bróðursonur hans hefði verið í Riftúni á eftri mér, og að hann hefði sömu sögu að segja og ég.

Ég vona að rannsóknarnefndin vinni eingöngum með sannleikann og staðreyndir. Ég var í gær að lesa lokaorð skýrslu nefndar í Hollandi, sem að mínu mati orka tvímælis aðferðalega, og er greinilega háð tiskustraumum í sálfræðinni og hópæsingu í þjóðfélaginu, frekar en leit að sannleika og réttlæti fyrir fórnarlömbin eða þá sem kynnu að vera ásakaðir ranglega. (sjá http://www.onderzoekrk.nl/fileadmin/commissiedeetman/data/downloads/eindrapport/20111216/Samenvatting_eindrapport_Engelstalig.pdf). Rangt var hermt frá skýrslu þessu í fréttum RÚV, þar sem frásögnin af skýrslunni var komið fyrir sem viðbæti við frétt um barnaklámníðingsshring sem er búið að uppræta. Íslenskir útvarpshlustendur fengu fréttir af meintum kynferðisglæpum gegn börnum í Hollandi á árunum 1946-1986 matreiddar þannig að halda mætti að Kþólska kirkjan í Hollandi tengdist framleiðslu og dreifingu barnakláms. Það er

greinilega það sem fólk vill heyra, því enginn hreyfði mótmælum við þess konar framsetningu.

Vona ég að sú nefnd, sem ég rita til nú, vinni ekki á sama hátt og hollenska nefndin, sem í stað rannsóknar gerði punktapróf í slembiúrtaki, sem sýndi reyndar, (kannski), að kynferðismisnotkun á börnum var engu minni hjá öðrum trúarhópum en kaþólikkum. Þetta alvarlega mál fjallar ekki um trú, heldur um alvarlega atburði, meinta glæpi, eða réttara sagt ásakanir um alvarlega glæpi, sem verður að sannreyna. Þeir sem ásakaðir eru liggja undir grænni torfu og geta sig ekki varið. Allur vafi á sannleiksgyldi þess sem felst í ásökununum verður að koma þeim ásökuðu til góða, annars er nefndin að fremja mórálístíkt lýðskrum, þar sem að lokum verður ef til vill hægt að slengja því út, að tölfræðilega hafi t.d. 5% allra barna á Íslandi verið kynferðislega misnotuð, tölu sem ugglaut yrði misnotuð, engu síður en fórnarlömbin.

Vinsamlegast sendið mér staðfestingu á móttöku þessa tölvupósts

Með bestu kveðjum og óskum um ánægjulega hátíð.

Vilhjálmur Örn Vihjálmsson, Ph.D.

Jelsbuen 1
2620 Albertslund
Danmörku